

Nd.

650. Nefndarálit

[153. mál]

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi var lagt fram á síðasta þingi og fékk þá afgreiðslu í menntamálanefnd Nd., án þess þó að tími hafi unnist til að afgreiða það frá Alþingi.

Menntmn. klofnaði í afstöðu sinni til frumvarpsins, en meiri hluti nefndarinnar mælti með samþykkt þess með breytingu á 9. gr.

Sjónarmið meiri hluta nefndarinnar eru enn þau sömu. Nú mælir hann með samþykkt frv. með sömu breytingu og áður. Breytingartillagan er flutt á sérstöku þingskjali. Enn fremur er lagt til að lögín taki gildi frá 1. janúar 1977.

Minni hl. nefndarinnar, Svava Jakobsdóttir, skilar séráliti.

Alþingi, 5. maí 1976.

Ingvar Gíslason,
form.
Magnús T. Ólafsson,
með fyrirvara.

Sígurlaug Bjarnadóttir,
fundaskr.
Ólafur B. Óskarsson.

Ellert B. Schram,
frsm.
Gunnlaugur Finnsson.